



LAUNVIZKA VEDABÓKA

Uppsprettur indverskrar heimspeki

(Upanishadur)

SÖREN SÖRENSEN
endursagði úr frummdlinu



PRENTSMIÐJAN LEIFTUR H.F.
REYKJAVÍK

INNGANGUR

Þegar rætt er um hið vediska tímabil í sögu Indverja, er átt við tímabilið frá því að Ariarnir ruddust inn í Indland og þangað til hið „fullkomna mál“ þeirra, sanskrítin, var að liða undir lok, um 600 f.Kr.

Indverjar eiga sér enga fornsögu, þ. e. sögulegar heimildir um uppruna sinn, hvorki hinn aríski kynþáttur né afkomendur frumbyggjanna, er þar voru fyrir þegar Ariarnir komu til sögu. Það fer ekki að rofa til í þessu „svartnætti“ indverskrar sögu fyrr en kemur fram á 6.—5. öld f. Kr. Frá þeim tima eiga Indverjar nokkuð áreiðanlegar heimildir.

Við fornleifarannsóknir, sem fram hafa farið í Indusdalnum, sem er í Pakistan, hafa verið grafnar upp rústir borga frá löngu horfnum og gleymendum tímum, sem búnar voru að vera grafnar í möl og sand í meira en 3000 ár. Tvær helztu þessara horfnu borga eru Harappa og Mohenjo-Daro. Borgir þessar voru rammlega víggirtar, og þeir munir, er þar hafa fundið, benda til þess, að þar hafi blómast merkileg menning löngu áður en Ariarnir komu inn í landið. Fornfræðingar þeir, sem unnið hafa við rannsóknir þessar, hafa dregið þá ályktun, að sú forna menning, er þarna blómgaðist í fyrndinni og þeir hafa nefnt Indus-menningu, hafi liðið undir lok um 2500—1500 f. Kr.¹ En þeirri mikilvægu spurningu verður ekki svarað, hvernig á því stóð að borgir þessar hurfu gersamlega af yfirborði jarðar, án þess að nokkrar arfsagnir hafi geymst um örlog þeirra. Wheeler heldur því fram, að hinir

¹ Wheeler, Mortimer: *The Indus Civilization*. Cambridge University Press.

Nýja Testamentið og Upanshadurnar, þessi tvö háleitu verk trúarvitundar mannkynsins eru hvergi í ósamræmanlegri mótsögn, þegar athugaðar eru hinar dýpri merkingar þeirra, heldur skýra þau og fullkomna hvort annað á hinn fegursta hátt.

Dr. Paul Deussen (1845—1919). Professor í heimspeki við háskólanum í Kiel, í verki sínu *The Philosophy of the Upanishads*.

fornu Aríar hafi átt þar hlut að máli. Engin vitneskja var til um þessar horfnu borgir fyrr en farið var að grafa þær upp árið 1922!

Á svipaðan hátt glötuðu Ariarnir uppruna sínum. Hvaðan komu þeir? Um það er saga þeirra þögul. Málfræðingar hafa bent á, að eldra málið á Zend-Avestu, trúarbkók Zoroastertrúarmanna, sé svo líkt Vedisku, málínu á Rig-Vedu, að yfirfæra megi orði til orðs heilu erindin úr Avestu á Vedisku með því að fara eftir ákveðnum hljóðfræðilegum lögmálum, og yrði „þýðingin“ ekki aðeins nákvæmlega rétt í orðum og hrynjandi heldur og í skáldlegri hugsum.¹ Fræðimenn hafa fullyrt, að Ariar þeir, sem námu land á Indlandi, og Forn-Iranir hafi átt sameiginlegt heimkynni einhversstaðar inn á hálöndum Mið-Asíu, talað sama tungumál og kallað sig Ária. Þessir Ariar voru þjóð á talsvert háu menningarstigi. Þeir virðast hafa verið vel að sér í hernaðartækni og beittu hestum fyrir striðsvagna sína. Og það mun mega teljast til hernaðarfreka, hvernig þeir fóru að því að mola hin rammgerðu borgarvirki Harappa og Mohenjo-Daro.

Ariarnir munu ekki hafa komið inn í Indland í einum áfanga. Þeir hafa komið í mörgum áföngum á margra ára tímabili. Hér var ekki um það að ræða, að eitt herveldi sendi innrásarlið inn í annað land til að leggja það undir sig. Hér var um stórfelldan þjóðflutning að ræða. Í kjölfar hermannanna komu bændur og búalið. Og þeir tóku til óspilltra málanna að herfa landið. Og ekki er að efa, að Ariarnir hafi komið með sín skáld og andlegu leiðtoga og sín trúarbrögð. Hinir vedisku Ariar kölluðu skáld sín *deva*,² tíva, og sína andlegu leiðtoga, *rishia*, andlega sjáendur. Og sá guðinn, sem þeir lofsungu næst mest í sínum helgu ljóðum, Rig-Vedu, var guð

¹ Macdonell, Arthur: A History of Sanskrit Literature. W. Heinemann Ltd. London. 1925.

² *Deva* þýðir einnig „guð á meðal manna“, upphafin persóna, brahmani, prestur, konungur, prins. Í ávarpsfalli þýddi *deva* „Yðar hárign“ eða „Yðar heilagleiki.“

eldsins, Agni. Og eldinn sjálfan hafa þeir og vafalaust komið með, hvaðan sem þeir komu. Þeir kveiktu eld með því að slá saman Steinum eða núningi harðviðarsprota við viðarbút. Og ætla má, að sum ljóðin til Agni séu elstu ljóðin í Rig-Vedu. Eldurinn var lífgjafi Arianna frá upphafi, og eflaust hefur Agni orðið til í þeirra fyrri heimkynnum, áður en þeir tóku að nema land á Indlandi. Og þrumuguðinn Indra hefur og vafalaust fylgt þeim og verið þeim stoð og hald i landvinnингabaráttu þeirra við frumbyggjana.

Hinir vedisku Ariar voru náttúrudýrkendur. Þeir sáu guði í öllum fyrirbærum náttúrunnar. Og guðir þeirra urðu allmargir, er frá liðu stundir. Fyrir utan Agni og Indra má nefna þessa: Savitri (Sá vitri?), Mitra, Varuna, Vishnu, Brihaspati (drottinn bænar), Surya (guð sólar), Yama (guð dauðans), og fleiri. Og skáldin ortu guðunum ljóð með kynngikrafti sinnar tungu.

II

Í upphafi var Veda.

Fullyrðing þessi er ekki út í bláinn. Veda er elsta hugsun mannsins um sjálfan sig og tilveruna, sem skráð hefur verið á bókfell. Hér er átt við „fyrsta orðið, sem kom af tungu hins aríska manns,“ eins og Max Müller orðaði það: Rig-Vedu.

Einnig má segja, að endirinn, takmarkið, sé Veda, *vedanta*, *Vedānta*, „endir Veda,“ eitt hið stórbrotnasta hugsanakerfi, sem mannsandinn hefur skapað. Í Vedu má lesa þróunarögu mannlegrar hugsunar frá hinni fyrstu fálmandi viðleitni mannshugans til að skilja fyrirbæri náttúrunnar og til sjálfstæðrar heimspekkilegrar (abstrakt) hugsunar. Fyrir þetta er Rig-Veda stórmerkileg bók. Grundvallarhugsunin í þeiri bók ætti að vera leiðarljós hins aríska kynþáttar.

Pegar komið er að lokum vediska tímabilsins, er Rig-Veda orðin fullmótuð, óbreytanleg og heilög bók. Og hún mun ekki

hafa breytzt á þeim öldum, sem liðnar eru síðan. Tvær stéttir voru orðnar allsráðandi í landinu: Valdastéttin, hermannastéttin (*kshatriyas*), með sína smáfursta (*rajas*) og stórfursta (*maharajas*), og *brahma*-stéttin, prestar og fræðimenn. Brahmana-stéttin sá um fræðsluna, ekki almenningsfræðslu, heldur fræðslu þeirra, sem höfðu aðstöðu til að komast í nám eða skóla hjá andlegum fræðurum og vinna hjá þeim í tólf ár. Slískir skólar munu hafa verið harla erfðir. Nemendurnir voru látnir vinna á ökrum úti og gæta nautahjarða fræðarans. Og eins og kemur fram í frásögn *Vedabóka* og *Upanishadanna*, var kýrin auðlegðin mesta í augum Arianna. Og ætla má, að greiðslan, sem fræðararnir fengu fyrir tólf ára fræðslu nemendanna hafi verið nautgripir. Þetta kemur meðal annars fram í frásögninni um viðræður spekingsins Yâjnavalkya og Janaka konungs, sem sagt er frá í *Brihadaranyaka Upanishad*. Þegar konungi fannst einhver mergur í því, sem Yâsjnavalkya sagði, þá var viðkvæði hans: „Eg gef þér þúsund kýr.“ Ennfremur má um það lesa, að sumir nemendanna hafi orðið innlyksa í skólanum og verið þar í vinnumennsku til æviloka.

Í *Chandogya Upanishad* er allskemmtileg saga um þetta efni, og er hún á þessa leið:

Satyakama Jabala kom eitt sinn að málí við móður sína og mælti: „Mig langar að gerast nemandi í helgum fræðum. Viltu segja mér, hverrar ættar eg er?“

Móðirin mælti við son sinn: „Eg veit ekki, væni minn, hverrar ættar þú ert. Þegar eg var ung var eg í vist á mörgum heimilum og þá eignaðist eg þig. Þess vegna veit eg ekki hverrar ættar þú ert. Þegar eg var ung, var eg í mist á mörgum. Þess vegna getur þú kallað þig Satyakama Jabala.“

Og Satyakama fór á fund fræðarans Haridrumata Gautama, ávarpaði hann og mælti: „Mig langar að gerast nemandi í andlegum fræðum. Mig langar að komast í nám hjá yður, herra.“ *

¹ Satyakama þýðir Sannleikselskur.

Fræðarinn mælti: „Getur þú frætt mig um, hverrar ættar þú ert, væni minn?“

Og drengurinn svaraði: „Eg veit ekki hverrar ættar eg er, herra minn. Eg spurði móður mína og hún svaraði: „Þegar eg var ung, var eg í vist á mörgum heimilum, og þá eignaðist eg þig. Þess vegna veit eg ekki hverrar ættar þú ert. Eg heiti Jabala og þú heitir Satyakama. Þess vegna getur þú kallað þig Satyakama Jabala.“ Eg er því Satyakama Jabala, herra.“

Fræðarinn mælti: „Enginn, sem ekki er brahmani, mundi hafa orðað þetta á þennan veg. Farðu og sækstu brenni í eldin. Þú verður nemandi minn. Þú hefur ekki vikið af veginn sannleikans.“

Hermannastéttin var hinn veraldlegi leiðtogi. Brahmana-stéttin var hinn andlegi leiðtogi. Og brahmanarnir höfðu ekki síður verið athafnasamir í andlegum málum en hermannastéttin í landvinnungum. Brahmaarnir höfðu nú bætt tveimur *Vedabókum* við: Sâma-Vedu og *Yajur-Vedu*, þ. e. *Söngva-Vedu* og *Fórna-Vedu*.

Hin helga bók, *Rig-Veda*, eða Ljóða-Vedan, hefur að geyma tíu ljóðaflokka (*mandalas*), 1028 ljóð eða samtals 10,600 vers. Sâma-Vedan hefur að geyma 1800 vers. Þau eru að mestu leyti tekin úr *Rig-Vedu* og oft slitin úr sambandi við hið upprunalega ljóð og röðuð niður án nokkurs innbyrðis samhengis. Vers þessi eru tónuð við ákveðnar fórnarathafnir af presti, sem nefnist *udgâtri*, og hafði hann þetta sérstaka hlutverk við hátiðlegar athafnir.

Yajur-Veda hefur að geyma allar þær bænir og áköll (*mantras*), sem tilheyra ákveðnum fórnarathöfnunum. Og með þær fór prestur, sem nefndist *hotri*. *Adhvaryu* nefndist prestur sá, sem framkvæmdi fórnarverkin og mælti fram þau fórnarvers (*yajus*), sem við áttu. En sá, sem stjórnæði helgiathöfninum í heild, var brahma-presturinn. Fórnarathafnir þessar gátu staðið tímum, dögum, vikum og jafnvæl mánuðum saman.

Þessar þrjár Vedur voru nefndar *trayi vidyâ*, hin þrefalda vizka. Það var ekki fyrr en langa löngu eftir að *Vedurnar*

þrjár voru komnar til sögu að fjórða vedan hlaut geistlega viðurkenningu, þ. e. *Adharva-Veda*. Þessi Veda er yngst Vedabóka en efni hennar er miklu eldra og komið aftan úr grári forneskjum. Adharva-Veda geymir ævaornar töfraþulur gegn illum öndum, fjandmönnum og sjúkdómum, svo sem hitasótt, holdsveiki, gulu, skyrbjúg, hósta, augnbólgu, skalla, dvinandi kynorku, beinbrotum og sárum og öllum þeim djöflum, sem sjúkdómum áttu að valda. Ýmiskonar töfrajurtir komu og til greina til lækninga sjúkdóma. Hér er sýnishorn af ákvæðaþulu við hósta:

Eins og sálín með sínar þrár
svifur á vængjum héðan burt.
Eins skaltu, hósti, halda brott
og hverfa inn á sálarbraut.

Eins og örín beitt og bein
bregst við skjótt og þýtur brott.
Eins skaltu, hósti, hypja þig
og halda í flýti yfir grund.

Eins og geislar sólarguðs
geims í rúmi þjóta burt.
Eins skaltu, hósti, halda brott
og hendast yfir öldur hafs.

AV. VI, 105

Og hér er önnur við holdsveiki:

Pú vex um nætur, væna jurt,
vökul í þínum myrka lit.
Megi þinn litur lífga mig
og lækna kröm míns sjúka holds.

AV. 1.23,1

Adharva-Veda er elzta bókmennalegt minnismerki indverskrar læknislistar. Adharva-Veda hefur einnig verið nefnd

Brahmaveda, en *brahman* í þessu sambandi þýðir *mantra* í merkingunni töfra- eða særingerþula. Sennilegt þykir, að þessi Veda hafi upphaflega verið safn alþýðukveðskapar, sem menn geymdu í minni vegna þeirrar kyngi, sem skáldskapur þessi átti að geyma. Adharva-Veda bregður upp athyglisverðum myndum aftur úr svartnætti forneskjum. Samt likist hún að ýmsu leyti Rig-Vedu, þótt andinn í þeim sé gerólikur. Og í Adharva-Vedu má finna margar særingerþulur, sem benda á ótvíraðan skyldleika við indogermanskar særingerþulur frá indogermanska tímabilinu, sem svo er nefnt.

Við komum svo að öðru safni vedískra bóka, sem nefnast *brahmanas*, Brahmanabækur. Bækur þessar eru miklu yngri en Vedabækurnar. Þær eru verk brahmaþrestanna og fjalla um merkingu hinna helgu ljóða og hið dulspekilega innihald helgisiðanna. Kennir þar margra grasa. Þær eru helgisagnir, heimspeki, ritskýringar, orðmyndunarfræði og goðsagnir, allt innan um hvað annað. En gullkorn má þar finna, sé djúpt grafið. Bækur þessar hafa verið taldar innblásin opinberun (*sruti*), að þeim hlutum þeirra undanteknum, sem nefnast *āranyakas*, Skógarbækur. Hver hinna þriggja Vedabóka hefur sína Brahmana og sumar fleiri en eina. Rig-Veda hefur *Aitareya* og *Kausitaki Brahmanas*. Sáma-Veda hefur tvær, sem tilheyra tveimur sjálfstæðum skólum eða skýringastefnum, en rit þessi hafa ekki vakið neina athygli fræðimanna.

Yajur-Veda eða Fórna-Vedan hefur varðveiðt í tveimur textum. Eldri textinn nefnist *Krishna* (Svarta) Yajur-Veda. Yngri textinn nefnist *Sukla* (Hvita) Yajur-Veda. Ástæðan fyrir þessu er sú, að í Svörtu Yajur-Vedu eru ljóðin (*mantras*) og skýringar þeirra, sem eru í óbundnu máli, óaðskilin. Í Hvítu Yajur-Vedu er þetta tvennt, ljóð og skýringar, aðskilið. Brahmana Svörtu Yajur-Vedu nefnist *Taittiriya Brahmana*, sjálfstætt verk í þremur bókum. Allar þessar Brahmanabækur hafa viðauka, sem nefnast *āranyakas*, Skógarbækur, eins og áður er getið. Ekki er alveg ljóst, hvers vegna þessir hlutar Brahmanabókanna voru kallaðir Skógarbækur. En gizkað er

á, að bækur þessar hafi verið ætlaðar þeim mönnum, sem lifa vildu á efri árum úti í þögn skógganna og ástunda andlegar ihuganir til æviloka. Aftan við þessar Skógarbækur koma svo stórmerkileg rit, sem vakið hafa heimsathygli fræðimanna og heimspekinga. Rit þessi, sem eru heimspekilegs eðlis, nefnast *upanishads*. Hin bókstaflega merking orðsins *upa-ni-shad* er „setjast niður hjá,“ þ. e. setjast við fótskör (meistara). Hins vegar eru mörg dæmi um það í Upanishadunum, að orðið merkir „launhelgi.“ Með öðrum orðum, rit þessi voru launhelgirit, ætluð þeim einum, sem þráðu að fá vitnesku um hinn æðri tilgang þeirra eigin lifs, hina æðri frelsandi vizku. Eða eins og segir í lokaerindi *Svetâsvatara Upanishad*: „Þetta er hinn háleiti leyndardómur Vedânta, sem birtur var á löngu liðnum tínum. Og engum manni má gefa hann, sem hefur eigi vald á kenndum sínum (*aprasantâya*), og engum, sem ekki er sonur eða lærisveinn.“

Skógarbækur *Aitareya* og *Kausitaki Brahmanas Rig-Vedu* geyma *Aitareya* og *Kausitaki Upanishadurnar*. Mikilvægasta Brahmanabóli Hvítu Yajur-Vedu er *Satapatha Brahmana*, sem kalla mætti „Leiðarbók hundrað vega.“ Þetta er mikil verk og margslungið. Verk þetta er í tveimur textum: Texta *Madhyamâdina-skólangs* og texta *Kanva-skólangs*. Í *Madhyamâdina-textanum* er Skógarbók, og eru sex lokakflarnir í henni *Brihadaranyaka Upanishad*, stærsta og mikilvægasta launhelgiritið.

Chandogya Brahmana tilheyrir sérstökum Vedaskólum, sem svonefndir *Tandinar* og *Talavakar* stóðu að. Átta síðustu kaflarnir í *Chandogya Brahmana* er *Chandogya Upanishad*. *Isâ-vâsyâ Upanishad* og *Kena-* eða *Talavakara Upanishad* heyra einnig þessum skólum til.

Brahmanabók Svörtu Yajur-Vedu er *Taitiriya Brahmana*, sjálfstætt verk í þremur bókum. Viðbótarrit við þessa Brahmana er *Taitiriya Åranyaka*. Skógarbók þessi skiptist í tíu kafla og eru VII—IX kaflarnir *Taitiriya Upanishad*. Tíundi kaflinn er *Maha-Nârâyana Upanishad*, sem einnig nefnist

Yajniki Upanishad. Í svonefndum *Kathaka-hluta Taitiriya Brahmana* (III, 11) er getið um Nachiketaseldinn og sögð saga um dreng, sem hvarf inn í ríki dauðans og vildi fræðast um leyndardóma dauðans hjá konungi dauðans. Saga þessi er undirstaða *Katha Upanishad*. Upanishad þessi er talin eitt hið fegursta verk skáldskapar og dulrænnar heimspeki hinna fornari. Svetâsvatara Upanishad er verk sérstaks Vedaskóla og ber nafn höfundar síns.

Launhelgirit Atharva-Vedu eru fá. Hin elztu og merkustu þeirra eru *Mundaka Upanishad* og *Prasna Upanishad*. *Mandukya Upanishad* tilheyrir einnig Atharva-Vedu. Skýringarrit Atharva-Vedu er *Gopatha Brahmana*.

III

Þegar litið er á þetta stutta og ófullkomna yfirlit yfir hinar elztu og helztu trúarbækur Indverja, fer ekki hjá því, að maður veiti athygli þróunarferli óhlutbundinnar (abstrakt) hugsunar frá því Rig-Veda var að mótask og þangað til Skógarbækurnar og Upanishadurnar urðu til. Við getum séð fimm megin skref þessarar þróunar. 1. Mótun Rig-Vedu; 2. Tilurð Sâma- og Yajur-Vedanna; 3. Brahmanabækurnar; 4. Skógarbækurnar; 5. Upanishadurnar. Hér hefur átt sér stað merkileg þróun hugsunar. Og eins og Paul Deussen kemst að orði í bók sinni „The System of Vedânta,“ — „Vér getum vonað, að vegna þeirrar auðlegðar, sem felst í Rig-Vedu, Atharva-Vedu og Brahmanabókunum, takist oss skref fyrir skref að þreifa oss áfram til þess heimspekilega ljóss, sem birtist í Rig-Vedu og skín bjartara og bjartara, unz það brýst fram í ljós-um loga, sem lýsir og vermir enn þann dag í dag.“

Purusha-sûkta, Öðurinn ummanninn, og Sköpunaröðurinn í Rig-Vedu (X,90 og X,129) eru fyrstu frækorn indverskrar heimspeki.

Á tímabilinu 600—500 f. Kr., þegar sanskrítin er að tapa

tökum á alþýðunni og verða menntamannamál, eru hin helztu heimspekkikerfi Indverja fullmótuð. Og hugsunin var frjó, nývöknud upp úr aldamyrkri fávizku (*avidya*), en þetta orð, *avidya*, gengur eins og rauður þráður gegnum hin vedisku heimspekkikerfi.

Heimspekkistefnur þær, sem spruttu upp af hinu vediska fræi, urðu margar og sumar þeirra merkar. En þær voru ekki allar í samræmi við hin helgu orð Vedabóka. Hugsunin var frjáls og hún fór sínar leiðir. Maðurinn var búinn að uppgötva lögmál rökhugsunar. Ævintýraheimur hugsunar stóð opinn og á sér engin takmörk. Og í frelsi hugsunar gleymdu menn sjálfum sér og trú sinni og börðust eins og hetjur á vígvelli fyrir sínum heimspekkilegu skoðunum með vopnum orða.

Til er arfsögn um það, að hinn blesaði Buddha hafi ekki snúið baki við heimsins gæðum vegna þess að hann hafi verið svo fáfróður, að vita ekki, að menn gætu orðið sjúkir og dáið. Heldur hafi meginástæðan verið sú, að honum hafi ekki staðið á sama um ringulreiðina, sem orðin var í andlegum málum með þjóð hans. Heimspekingarnir þráttuðu um háspekilegar hugmyndir, sem voru annað hvort í samræmi eða ósamræmi við trúarbrögðin. Og trúin bauð ekki upp á annað en rammflókna helgisiði, sem almenningur hafði engan skilning á, og sem gátu staðið yfir mánuðum saman.

Brahmanaprestarnir lögðu mat sitt á hinum ýmsu heimspekkeningar og stefnur. Og öll þau heimspekkikerfi, sem voru ekki talin í samræmi við Vedabækurnar, voru fordæmd. Og þegar Buddha kom fram með sína einföldu „áttföldu leið“, þá var hún talin villutrú og fordæmd. Það voru vissulega mikil umbrot í hugarheimi Indverja á þessu tímabili. Og vart ber að efast um það, að hinn blesaði Buddha hafi orðið fyrir áhrifum af hinum háfleygu og stórbrotnu heimspekkilegu og frumspekkilegu hugmyndum, sem lágu í loftinu. Og bent hefur verið á, að hann hafi einkum orðið fyrir áhrifum frá Sankhya-heimspeki Kapila.

Af þeim sextán heimspekkikerfum, sem rætt er um í *Sarvadarśana-samgraha* eftir Madhava Acharya, voru sex, sem talin voru í samræmi við bókstaf Vedabóka. Þau voru þessi:

1. Sankhya-heimspeki Kapila. Þetta var raunhæf tvíhyggja, sem hélt því fram, að andi (*puruṣha*) og efni (*prakṛiti*) væru eilíflega samofin. Samkvæmt Sankhya er sköpunin verk náttúrunnar, að sínu leysi eins og köngulóin spinnur vef sinn úr sínum eigin líkama. Kapila hélt því fram, að ekki þyrti að gera ráð fyrir tilveru guðs til að skýra sköpun heimsins. Því hefur verið haldið fram, að Buddha hafi reist kenningu sína á Sankhya heimspekkini. Hvað sem um þessa fullyrðingu má segja, er ekki ástæða til að draga þá ályktum, að Buddha hafi tileinkað sér afstöðu Kapila og því aldrei nefnt guð i ræðum sínum. Þar sem Buddha var að brjóta nýja leið í trúarlegrí hugsun, gat hann ekki notað hið gamla og margþvælda hugtak „brahma“, því að með því hefði honum ekki tekist að hrífa fjöldann upp úr sínum rótgróna hugsanaferli. Hann varð að tendra nýtt ljós. Hugtak hans um Guð var *bodhi*, Alvizkan, Sannleikurinn, hinn eini og eilifi veruleiki, sem birtist í öllu lífi. Ljóst má það vera, að kenning Buddha var í fullu samræmi við anda Upanishadanna og allt það bezta og göfugasta í mammlegu eðli.

2. Yoga Patanjalis. Þessi Yoga skilgreinir Sankhya heimspekkina frá guðfræðilegu sjónarmiði. Í rauninni breytir þetta ekki kerfinu, heldur er guðshugmyndinni bætt í það. Yoganetting Patanjalis heldur því fram, að lokatakmarkið sé sameining við guð, og að áfangarnir að þessu marki séu fjórir.

1. Sameining hinna andlegu og líkamlegu orkuþáttu í mannum. 2. Iðkun sjálfstamningar og sjálfssjórna. 3. Efling og proskun andlegra hæfileika. 4. Andlegt skapandi sjálfstæði og að lokum sameining við guð (*kaivalya*).

3. Nyâya-heimspeki Gotama. Þetta er rökfræðilegt hugsanakerfi, sem á að miða að því, að frelsa sálar úr viðjum efnisins.

4. Vaisesika-heimspeki Kanada. Þessi tvö hugsanakerfi,

Nyâya og Vaiseshika, voru brædd saman í eina heild. Þær er því haldið fram, að heimurinn hafi orðið til fyrir sameiningu atóma (*paramanu*), og greinir efnispættina í samræmi við náttúruvísindi.

5. *Pûrva-mîmansâ* eða *Karma-mîmansâ*, eins og kerfi þetta er einnig nefnt. Það var einnig kallað *Mîmansâ Jaiminis*, en hann var höfundur þessa kerfis. Heimspeki þessi lagði áherzlu á gildi verkanna (*karma*) og lífsskyldunnar (*dharma*) og ávöxt athafnanna (*karma-phala*) í lífi hvers og eins.

6. *Uttara-mîmansâ* eða *sarîraka-mîmansâ*, sem einnig nefnist *Vedânta Bâdarâyanas*. Í hugsanakerfi þessu eru hugmyndir Upanishadanna sameinaðir í heildarkerfi. Heimspekirit *Bâdarâyanas* er í *sûtru* formi¹ og nefnist það *Brahma sûtras*. Spekingurinn Sankara Acharya reit skýringarrit við þetta verk *Bâdarâyanas* og er það grundvallarrit *Vedanta*-heimspekinnar.

IV

Pegar eg læt nú frá mér fara endursögn á nokkrum helstu og elstu launhelgiritum indverskrar menningar, þá get eg ekki lokað augunum fyrir þeirri ábyrgð, sem því fylgir að hafa lagt út í það að endursegja þessi fornu og torskildu verk á íslenzka tungu. Þess vegna finn eg þörf hjá mér til að gera örlitla grein fyrir þessu verki mínu. Eg nota orðið „endursögn“ í túlkun minni á þessum fornu ljóðum, ekki vegna þess að eg hafi farið frjálslega með efnið, dregið það saman og sett það fram eftir mínu höfði. Fyrir mér er þýðing endursögn hugsana á annað mál, þótt reynt sé að fylgja hrynjandi eða bragrarhætti verksins, sem verið er að þýða. Eg hef kostað kappum að vera eins óháður bókstafnum og málkennd míni og skilningur leyfðu og leitast við að túlka hugsanirnar að baki

¹ *Sûtra* þýðir þráður eða festi. *Sûtras* eru minnisgreinar, sem hanga saman í sameiginlegum hugsanaþræði.

orðanna á eins ljósan og einfaldan hátt og mér var unnt og með þeim hugblæ, sem ljóðin hafa á frummálinu.

Þetta verk mitt var ekki unnið á „einni nótta,“ ef svo má að orði komast. Þetta var ekki augnabliks hugdetta. Þessi fornu ljóð hafa lengi átt tök í mínum huga. Fyrir rúnum þrjátíu árum datt mér í hug, að reyna að þýða eitt þessara launhelgu rita á íslenzku, en eg gafst upp, því að eg gerði mér ljóst, að eg var ekki maður til þess. Eg hafði fyrir augum orð Max Müllers í innganginum að þýðingu sinni á Upanishadunum:¹ „I know of few Sanskrit texts presenting more formidable problems to the translator than these philosophical treatises.“ En maður getur þroskast andlega á þrjátíu ára tímaskeiði, enda þótt aldurinn færir yfir, fari hrörnunin ekki að gera vart við sig fyrir timann. Á þeim tíma, sem liðinn er, hef eg kynnt mér þessi rit betur og betur. Og nokkur undanfarin ár hef eg gripið í að endursegja sum þessara fornu verka úr frummálinu. Og komið hefur fyrir, að eg hef orðið að eyða mörgum stundum í eitt erindi. Eg hef lesið allar þær þýðingar á ensku máli, sem eg hef komist yfir, ef vera mætti að eg fyndi þýðingu, sem væri til fyrirmynadar í skýrri hugsun og orðum. Eg fann eina, sem bar af öðrum í skáldlegu orðaval. Þýðingar indversku „guðsmannanna,“ swamianna, voru slæmar og skýringar þeirra á tvíræðum og torskildum hugtökum rugluðu mann algerlega í ríminu. Þessir indversku swamiar hafa þá áráttu að gera hlutina sem allra torskildasta. Þetta mun reist á þeirri forsenu, að þú átt sjálfur að komast að þeim sannleika, sem felst að baki orðanna. Fáir þú að vita launhelgan sannleika fyrir hafnarlaust, verður hann ekki þín eign, ekki partur af sjálfum þér. Orðin fara „inn um annað eyrað og út um hitt.“ Og er eitthvað sjálfsagt til í því.

Erfiðleikarnir við að koma þessum fornu hugsunum á skiljanlegt mál eru oft næsta óyfirstiganlegir. Það er ekki aðeins að mörg orð í frummálinu hafi glatað sinni upprunalegu

¹ The Sacred Books of the East. Vol. I. xvi.

merkingu, heldur eru margar setningar óskiljanlegar, lang-sóttar og heimskulegar, að maður getur ekki trúað, eins og Max Müller kemst að orði, „að sami höfundurinn, sem tjáð getur dýpstu trúarlegar og heimspekilegar hugsanir á skilmerkilegan hátt, nei, með skáldlegri orðgnótt, skuli hafa getað sagt í sömu andrá einhverja dómadags vitleysu.“

Til þess að sýna lesandanum dæmi um erfiðleika þá, sem þyðendur eiga við að etja, er þeir reyna að túlka hugsanir þessara launhelgu rita, leyfi eg mér að taka upp fimm þýðingar á einu og sama erindi úr Isávásya Upanishad, og fara þau hér á eftir.

Sharanaanda:

Who understands vidya and avidya, both together, attains to the nature of immortals through vidya (knowledge of ritualistic philosophy), having conquered death by avidya (pure rituals).

Mascaro:

He who knows both knowledge and action, with action overcomes death and with knowledge reaches immortality.

Prabhavananda and Manchester:

They who devote themselves both to life in the world and to meditation, by life in the world overcome death, and by meditation achieve immortality.

Max Müller:

He who knows at the same time both knowledge and not-knowledge, overcomes death through not-knowledge, and obtains immortality through knowledge.

Hume, Robert E:

Knowledge and non-knowledge — he who this pair conjointly (saha) knows. With non-knowledge passing over death. With knowledge wins that immortal.

Pegar við lítum á þessar þýðingar verða ljósir erfiðleikar þyðenda að fá eitthvað vit í þýðingu sína. Ætti maður að þýða einhverja þessara ensku þýðinga á íslenzku, mundi hann vafalaust koma auga á þversögnina og spryja sjálfan sig:

Hvernig er hægt að vinna bug á dauða með ekki þekkingu eða vanþekkingu? Skynsemin segir okkur, að þetta sé vitleysa. Prabhavananda og Manchester gera sér grein fyrir þversögninni og þýða *vidya*, sem þýðir þekking, vizka, með „Life in the world,“ og *avidya*, sem þýðir vanþekking, fá-vizka, með „meditation.“ Mascaro sér einnig þversögnina og reynir að komast hjá henni og þýðir *avidya* með „action,“ sem eykur litt skilninginn.

Allir þessir þyðendur hafa þýtt beint úr frummálinu, og má því ætla, að meinlokan sé komin frá höfundinum. Við skulum líta á frumtextann og reyna að komast að hugsun höfundarins. Textinn litur þannig út í umritun:

*vidyām ca avidyām ca, yah tad veda ubhayam,
avidyayā mrityum tirtva, vidyayā amritam asnute.*

Áður en við reynum að komast fram úr þessum ævafornu, „rykföllnu“ orðum, verðum við að hafa gert okkur grein fyrir grundvallarhugsuninni í þessum fornu ljóðum og þeim lifsneista hugsunar, sem í orðnum leynist.

Hinir fornu vedisku hugsuðir voru ekki auðugir af þekkingu, en þeir voru gæddir hagnýtri vizku. Þeir héldu því fram, að hin innri lifsvitund mannsins, sem þeir nefndu *ātman*, sem þýðir andi, sál, sjálf og lif, væri þáttur allífsvitundar og ódaðlegur. Nauðsynlegt væri fyrir manni að skynja og öðlast vitundarsamband við þennan ódaðlega þátt í sjálfum sér, svo að hann gæti náð þeim andlega þroska og þeirri reisn andlegrar fyllingar, sem honum væri ætlaður og hamn gæti öðlast hér og nú. En þessu marki verður ekki náð með þekkingu. Okkur jarðarbúum í dag skortir ekki þekkingu, og gæðakapphláupið er í algleymingi. Maðurinn hefur lokað augunum fyrir *līfinu*, *ātman*, í sjálfum sér. Okkur vantar vizku. Hinn innri vitundarkjarni verður ekki skynjaður fyrir þekkingu eða ályktanir dómgreindar. „Hann opinberast þeim einum, sem er í samhljóum við hann,“ segir á einum stað. (Katha. II,9). Og ennfremur segir: „Sá, sem eigi er gæddur sannri vizku, sem enga stjórн hefur á kenndum sínum og

hugsun, hann stýrir eigi lífi sínu, eins og ökumaður, sem ekkert vald hefur á taumlausum fákum.“ (Katha. III,5).

Þessi djúptundarþáttur í okkur þroskast ekki og segir ekki til sín fyrir mikinn lærdóm, fræðilega þekkingu eða heimspekileg heilabrot. Hann þroskast án erfiðis fyrir vitulegar, tilfinningalegrar afstöðu mannsins til sjálf sín, til sinnar innri sjálfsvitundar. Vizkan er undirstaða andlegs þroska og andlegrar lífsfyllingar, andlegrar auðlegðar. Vist er, að vitrum manni getur skort þekkingu, og manni þekkingar getur skort vizku. Vizkan er ávoxtur innsæis. Og þessi innsæisskynjun er tilfinningalegs eðlis. Þessi innsæisþáttur er til í sérhverjum manni. En hann þroskast ekki nema í hljóðleik hjartans, tilfinningalegri kyrrð. Vizkan er sannleikur. Og, eins og Emerson kemst að orði: „Sannleikur er hótindur lífsvitundar.“ Þetta er grundvallarhugsun Upanishadanna. Þess vegna er ekki allskostar rétt að þýða *vidya* með „þekkingu“ og *avidya* með „vanþekkingu,“ heldur með „vizku“ og „fávizku,“ enda hafa sanskritarorð þessi einnig þessa merkingu.

Við skulum þá líta aftur á textann.

Vidyam ca avidya ca, vizka og fávizka, yah tad veda, þeir er þekkja; ubhayam, bæði, þetta tvennt.

Áður en við tökum fyrir seinni hlutann, skulum við líta á undirstrikaða orðið *tírtva*. Þetta er mjög sjaldgæf sagnmynd, sem eg hef séð getið í aðeins einni sanskritarorðabók. En það er merking þessa orðs, sem þversögninni veldur. Sagnmynd þessi er komin af sagnrótinni *tri*, sem merkir að yfirbuga, yfirlífta, sigra (overcome, overpower, conquer). En sögn þessi hefur einnig merkinguna „að hreppa,“ „öðlast“ (acquire, gain, win). Síðasta orðið í setningunni *asnute*, þýðir sama og *tírtva* í merkingunni „öðlast.“

Við getum þá snúið okkur að síðari setningunni.

Avidya mṛityam tírtva, fávizka dauða hreppir; vidyayā amritam asnute, vizkan ódaðleika öðlast. Við getum snarað þessu á einfalt mál og sagt: Peir, sem þekkja bæði vizku og

fávizku (vita) að fávizka hreppir dauða, vizka ódaðleika öðlast.

Þetta er bókstafleg þýðing og skiljanleg. Hún er laus við þversögnina, hvað sem um þá fullyrðingu má segja, að sú vizka eða þekking sé merkust og dýpst, sem sé hafin yfir mannlegan skilning. En getur nokkur haft gagn eða gleði af því, sem hann skilur ekki?

Hér vaknar líka önnur mikilvæg spurning. Er hægt að þekkja þekkinguna? (Know the knowledge). Er þetta ekki hugsanafirra? Það er að minnsta kosti óskýr hugsun. Orðið *veda* er beygingarmynd sagnarinnar *vid*, sem merkir þekkja, vita. En hún hefur miklu fleiri merkingar. T. d. skilja, skynja, finna til, „upplifa,“ vera sér meðvitandi um, komast að raun um, taka eftir, veita athygli, og fleiri merkingar.

Við ættum því að geta gert hugsunina skýrari og sagt: Peir, sem skynja vizkuna og fávizkuna, vita, að uppskera fávizkunnar er dauði en uppskera vizkunnar er eilift líf.

Já, við getum vissulega skynjað vizkuna í sköpunarverkum náttúrunnar, sem ávallt er að skapa og viðhalda jafnvægi lífsins. Og við skynjum líka fávizkuna í mannheimi, sem leiðir til andlegs og líkamlegs böls, glötunar og dauða. „Vizkan er heilbrigði sálar,“ sagði Victor Hugo. Og haft er eftir Goethe, að „vizku sé aðeins að finna í sannleika.“ Þekkingarleit mannsins er leit að hinum hinzu rökum, og hin hinzu rök er vizka, sannleikur. Og ef við viljum hugsa í anda Upanishadanna, þá er lífsbirting öll birting vizku, birting sannleika. Og þá er vizkan *líf*. Og sé það sannleikur að alheimsviðáttan sé óendanleg, þá á vizkan, lifið, sér engin takmörk.

Pegar eðlisfræðingurinn og Nobelsverðlaunahafinn Schrödinger hugleiddi heimsmynd nútíma vísinda, komst hann að raun um, að hið skynigædda, hugsandi sjálf var hvergi til í myndinni. Hvers vegna ekki? Hann svarar: „Það er sjálfst þessi heimsmynd“ (es ist selbst dieses Weltbild). Og í hugleiðingum sínum rak hann sig á það, sem hann kallaði „tölfræðilega þverstæðu“: *Fjöldann allan* af vitundareiningum

(bewusstseins-Ichen) samankomin í *einum* heimi, að því er virðist. Eina lausnin í þessari talnaþverstæðu væri, að sam-eina allar þessar vitundareiningar í eina, því að margfeldnin sé aðeins tálssýn. Í raun og veru sé aðeins um *eina* vitund að ræða, „In Wahrheit gibt es nur *ein* Bewusstsein.“¹ Og hann segir, að þetta sé kenning Upanishadanna og ekki einungis Upanishadanna, heldur leiði reynsla launvitringa (mystikara) til sömu niðurstöðu, séu hleypidómar ekki látnir ráða.

Lifið er ein heild. Við erum þáttakendur í hinu kosmiska lifi. Og það er því lífsskylda (*dharma*) hvers og eins, að opna sín andlegu augu fyrir helgi lífsins í brjósti sér og standa and-spænis þeirri mikilvægu staðreynd, að líkami mannsins er heilög lífsskópun. Hann geymir leyndardóm lífsins og hann geymir vizku lífsins. Maður þarf ekkert að fara og ekkert að leita til að finna vizku. Hún er í honum sjálfum. Og í hljóð-leik hjartans mun hann finna það, sem er hann sjálfur.

Hafi þeir spóku menn, sem ortu þessi launhelgu ljóð, eygt sannleika í hugleiðingum sínum, þá er það sannleikur enn í dag. Sannleikurinn deyr ekki, því að hann er lifið. Listin er að koma auga á hann.

V

Eg leyfi mér að lokum að tilfæra stuttan kafla úr hugleiðingum Max Müllers við þýðingu hans á Upanishadunum.²

„Það er ekki nóg að bera við að lesa trúarleg og hálfeim-spekileg orð, sem fyrir oss verða í Helgiritum Austurlanda og segja, að þau séu framandi eða torræð eða óræð. Platon er framandi, þangað til vér kynnumst honum; Berkley er torræður, þangað til oss hefur tekist að tileinka oss hugsanir hans. Þannig er það og með hina austrænu andans menn,

¹ Geist und Materie. Edwin Schrödinger. Friedr. Vieweg & Sohn. Braunschweig. 1961.

² The Sacred Books of the East. Vol. I.

sem orðið hafa stofnendur hinna miklu trúarbragða fornaldar. Það verður aldrei lagt rétt mat á þá utan frá, það verður að meta þá innan frá. Vér þurfum ekki að gerast Brahmanar eða Buddhatrúarmenn eða Taoistar fyrir fullt og allt, heldur um stundar sakir, ef vér viljum skilja, eða öllu fremur, ef vér erum nægilega hugrakkir til að leggja í það, að þýða hugsanir þeirra. Sá, sem kærir sig ekki um að leggja á sig þetta erfiði, hann mun vart koma auga á neitt í þessum helgu bókum eða þýðingum á þeim, nema það, sem maður getur furðað sig á eða hlegið að, eða ef til vill eithvað, er kemur manni til að vera þakklátur fyrir, að hann sé ekki eins og aðrir menn. En í augum þolinmóðra lesenda geta þessar sömu bækur varpað nýju ljósi á sögu mannkynsins, þessu eina mannkyni, sem vér heyrum til með holdi voru og blóði og öllum vonum og þrám vorrar sálar. Vér getum eigi aðgreint oss frá þeim, sem trúðu á þessar helgu bækur. Það er enginn munur á oss og Brahmínum, Buddhistum, Zoroastertrúarmönnum eða Taoistum. Hæfileikar vorir til að skynja, álykta og trúá kunna að vera þroskaðri, en vér getum ekki fullyrt, að vér höfum meiri hæfileika til að sanna eða trúá en þeir höfðu. Eigum vér þá að segja, að vér höfum snúið baki við Guði, þar sem vér erum hans útvalda þjóð? Því fer fjarri! Það er eflaust margt í þeirra helgu bókum, sem vér værum ekki sáttir við. En vér megum ekki gleyma, að það eru einnig kaflar í vorum helgu bókum, sem margir meðal vor mundu óska að væru þar ekki, og sem verið hafa þyrnir í augum hreintrúaðra guðfræðinga frá fyrstu óldum Kristindómsins. Þeir hafa iðulega verið hneyksunarhella þeim, sem tekið hafa á móti hinni einföldu kenningu Krists fyrir orð kristinna trúboða. En þetta er ekki spurningin. Spurningin er, hvort eithvað felist eða felist ekki í öllum helgum bókum, eithvað, sem lyft gæti mannlegu hjarta frá þessari jörð upp í æðri heim, eithvað, er gæti látið mann finna til allsstaðar nálægðar Æðri Máttar, eithvað, er gæti komið honum til að forðast illt og sýna góðvild, eithvað, er veitt gæti honum styrk á hinni stuttu veg-

ferð hans gegnum lifið með sínum björtu sæluaugnablikum og löngu stundum hræðilegra þjáninga.

Ef einhver heirra, sem lesa og fhuga þýðingar þessar, lærir að leita og finna dýrmæt frækorn í hinum helgu bókum annarra þjóða, enda þótt þau séu hulin undir haugum af rusli, þá væri erfiði vort ekki unnið fyrir gýg, því að enginn lærdómur virðist mikilvægarí nú á dögum en sá, að læra, að í öllum trúarbrögðum má finna slík frækorn; að vér verðum að gera skýran greinarmun á því, sem er meginkjarninn og hinu, sem er aukaatriði; hinu eillifa og hinu tímanlega; hinu guðdómlega og hinu mannlega; og ennfremur, að þótt umbúðirnar fylli mörg bindi, þá getur kjarninn falist í fáum orðum, en á þeim hvílir heildarlögmálið og spámennirnir.“

Þessi viturlegu orð Max Müllers hafa ekki glatað gildi sínu á vorum dögum, þótt sjótu og fimm ár séu liðin síðan þau voru rituð.

S. Sörenson.

HIN VEDISKU FRÆÐI veda-vidya

VEDA. Hin andlegu fræði.

1. Rig-Veda.
2. Yajur-Veda (Hvít).
3. Yajur-Veda (Svarta).
3. Sama-Veda.
4. Atharva-Veda.

UPAVEDA. Hin veraldlegu fræði.

1. Ayur-Veda, læknisfræði.
2. Dhanur-Veda. Bogalist.
3. Gandharva-Veda. Tónlist.
4. Silpa shastra. Byggingarlist og myndlist.

VEDANGAS. Greinar Vedu.

1. Siksha. Réttur framburður á vediskum orðum í helgi-siðaathöfnum.
2. Chanda. Bragfræði.
3. Vyakarana. Vedisk málfræði til varðveislu vediskrar tungu. Einu verkin, sem til eru um vediska tungu frá fornum tíma eru þessi:
Ashtadyayi. Málfræði Paninis.
Mahabhasya Patanjalis.
4. Nirukta. Orðskýringar á fornum vediskum orðum eftir Yaska frá því um 500 f. Kr.
5. Jyotisha. Stjörnufræði, er snertir árstíðirnar og vediskar fórnarathafnir.

6. *Kalpa*. Siðalögumál. Þau eru brennskonar:
- Srauta-sutras*. Helgisiðalögumál eða reglur, sem talað er um í Brahmanabókunum.
 - Grihya-sutra*, er fjallar um reglur fyrir helgisiðum heimilanna.
 - Dharma-sutra*, er fjallar um hegðun einstaklingsins í samféluginu.

BRAHMANA. Brahmanabækurnar. Þær helztu eru þessar:

- Aitareya Brahmana.
- Kaushitaki Brahmana.
- Satapatha Brahmana.
- Gopatha Brahmana.
- Chandogya Brahmana.
- Samkhayana Brahmana.
- Jaiminiya Brahmana.
- Panchavimsha Brahmana.
- Taittiriya Brahmana.

i) SRAUTA-SUTRA. Sútrur siðalögmaða. Helztu þeirra eru:

- Manava-sutra.
- Apastamba-sutra.
- Baudavana-sutra.
- Bharadvaja-sutra.
- Jaimininiya-sutra.
- Shankhayana-sutra.

ii) DHARMA-SUTRA, eða Dharma-Shastra. Lögmálsbækur.

- Manu-sutra.
- Apastamba-sutra.
- Narada-sutra.
- Yajnavalkya-sutra, o. fl.

UPANISHAD.; Launhelgirit. Þau eru í svonefndum Skógarbókum. Þær markverðstu eru:

- Brihadaranyaka-Upanishad.
- Chandogya-Upanishad.
- Katha-Upanishad.
- Svetasvatara-Upanishad.
- Kena-Upanishad.
- Isavasya-Upanishad.
- Prasna-Upanishad.
- Mandyuka-Upanishad.
- Mundaka-Upanishad.
- Maitrayana-Upanishad.
- Taittiriya-Upanishad.
- Aitereya-Upanishad.
- Kausitaki-Upanishad.

PURANA. Puranabækurnar. Fornaldarsögur. Þær eru margar. Hinarr bezt þekktu þeirra eru:
Visnu-Purana og *Bhagavada-Purana*.

ITIHASA. Helgar sagnir úr Vedabókum færðar í veraldlegan búning.

- Mahabharata*. Hetjuljóð um baráttu Bharataættarinnar fyrir rétti sínum. 100,000 erindi.
- Bhagavad-Gita*. Helgiljóð. Hluti af Mahabharata.
- Ramayana*. Hetjuljóð um Rama. 24,000 erindi.